



# FRÉTTABLAÐIÐ



## Úrslitastund í Utrecht

Stelpurnar okkar voru einbeittar á svip á lokaæfingunni í Utrecht í gær. Kvinnalandsliðið mætir sílfurlíði síðasta heimsmeistaramóts, Hollandi, í hreinum úrslitaleik í dag og dugar jafntefli til að koma Íslandi í lokakeppni HM kvenna í fyrsta sinn. Sérfræðingar eru bjartsýnir fyrir leikinn í kvöld en Ísland er þegar búið að tryggja sér sæti í umspili. **SJÁ SÍÐU 10** **MYND/HAFLIDI BREIÐFJÖRD**

## Margir fá sér aukaíbúð á Akureyri

Verðhækkunir íbúða á Akureyri eru langt umfram hækkunir annars staðar. Utanbæjarfólk þrýstir upp verðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HÚSNÆÐISMÁL** Hækkun íbúðaverðs í fjölbyli hefur verið tvöfalt meiri á Akureyri en í Reykjavík á árinu og rúmlega þrefalt meiri en á Selfossi og í Reykjanesbæ. Mikil aukning hefur verið í því að utanbæjarfólk kaupir sér aukaíbúð á Akureyri.

„Fjárfestar úr Reykjavík hafa verið að færa sig til Akureyrar. Það er óvenjuhátt hlutfall þeirra sem eiga íbúðir hérna á Akureyri sem er ekki með lögheimili,“ segir Arnar Birgisson, fasteignasali og eigandi Eignavers.

„Fólk er að kaupa sér annað heimili á Akureyri. Akureyri er í tisku.“

Samkvæmt fasteignamælaborði Deloitte var fermetraverð fjölbýlis á Akureyri tæplega 432 þúsund krónur í janúar en í júlí tæplega 571 þúsund. Þetta er hækkun upp á 32 prósent.

Hækkun fermetraverðs í Reykjavík er á sama tímabili 14,1 prósent og 13,6 á höfuðborgarsvæðinu öllu. Hæst 25,5 í Mosfellsbæ. Hækkunin á Suðurlandi og Reykjanesi er 12,1 prósent, þar af 8,8 prósent á Selfossi og 7,9 í Reykjanesbæ. Þessir tveir bæir hafa verið í hvað örustum vexti á landinu.

Í byrjun árs var fermetraverðið í Reykjavík 49 prósentum hærra en á Akureyri en í júlí var munurinn aðeins tæplega 29 prósent. Einnig er verðið á Akureyri farið að nálgast verðið í Hafnarfirði, sem er það lægsta á höfuðborgarsvæðinu.

Arnar á hins vegar ekki von á því



Fjárfestar úr Reykjavík hafa verið að færa sig til Akureyrar.



Arnar Birgisson, fasteignasali

að verðið á Akureyri verði það sama og á höfuðborgarsvæðinu í fyrir-sjáanlegri framtíð.

„Verðin eru að setjast,“ segir hann. „Það kom svolítið stöpp eftir að seðlabankastjóri hækkaði vextina enn og aftur og þrengdi enn að lána-skilyrðum. Markaðurinn mun kólna á Akureyri eins og annars staðar.“

Telur hann að Akureyri sé að ná toppnum og að verðhækkun verði ekki umfram landsmeðaltal á komandi misserum. Salan sé þó ágæt enn þá og töluvert meira af eignum núna í sölu en í vor.

Ólíkt fjölbýlinu er þróun verðhækkunar á sérbyli hins vegar nokkuð í takt við hækkunir annars staðar á landinu. Þetta skýrist af því að utanaðkomandi séu ekki að þrýsta verðinu upp. „Akureyringar sjálfir eru að kaupa sérbyli,“ segir Arnar. ■

## Truss tekur við

**BRETLAND** Liz Truss, utanríkisráðherra Bretlands, er nýr leiðtogi breska Íhaldsflokksins og tekur við af Boris Johnson sem forsætisráðherra í dag.

Viðbrögð þjóðarleiðtoga eru með blendnu móti. Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, varð fyrstur erlendra þjóðarleiðtoga til að senda Truss hamingjuóskir eftir sigur hennar í leiðtogavalinu. Emmanuel Macron, forseti Frakklands, óskaði Truss einnig til hamingju og sagði Frakka reiðubúna til að starfa með henni sem bandamenn og vinir. **SJÁ SÍÐU 6**




Liz Truss, utanríkisráðherra Bretlands

## Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð frá 4.690.000 kr.

**H** HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. — [www.volkswagen.is/taigo](http://www.volkswagen.is/taigo)





## Engin svör borist við ábendingunni

kristinnpall@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Gylfi Björn Helgason, formaður stjórnar Félags fornleifafræðinga, segir að ekki sé komið svar frá Umboðsmanni Alþingis eftir að félagið sendi inn ábendingu um brot á stjórnsýslulögum við ráðningu nýs þjóðminjavarðar.

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, skipaði Hörpu Þórsdóttur í stöðuna á dögnum án þess að auglýsa starfið.

„Það er búið að móttaka ábendinguna okkar og efnisnefnd er að kanna málið, hvort það verði tekið til rannsóknar,“ segir Gylfi.



## Harpa var skipuð þjóðminjavörður þann 25. ágúst síðastliðinn.

Málið var tekið fyrir á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður nefndarinnar, segir að það séu um leið fleiri mál til skoðunar. „Þó svo að þessi ákvörðun sé nýjasta dæmið, þá eru fleiri dæmi hjá ráðherrum í þessari ríkisstjórn um slíka hegðun. Við ákváðum að afla gagna og undirbúa næsta fund þar sem við ákveðum hvernig við tökum á þessu máli,“ segir Þórunn. ■

## Kafað í vandamálið



Starfsmenn Veitna reyna að komast til botns í hvað hafi farið úrskeiðis þegar kaldvatnsrör gaf sig í Hvassaleiti í Reykjavík um helgina. Þrátt fyrir að stjórnstöð Veitna fengi fljótlega skilaboð um að eitthvað hefði farið úrskeiðis varð vatnstjónið gríðarlegt. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Margir nýttu tækifærið til að renna fyrir fisk í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Almenn ánægja með veiðisumarið

kristinnpall@frettabladid.is

**STANGVEIÐI** „Veiðin hefur gengið mjög vel í ánum innan höfuðborgarsvæðisins, þó að ég sé ekki með tölurnar á hreinu, en þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel.“

Þetta segir Ragnheiður Þorsteinsdóttir, varaformaður Stangveiðifélags Reykjavíkur, aðspurð

hvernig veiðin hafi gengið á höfuðborgarsvæðinu þegar styttest í lok laxveiðitímabilsins á höfuðborgarsvæðinu.

„Heilt yfir er ánægja í veiðisamfélaginu innan höfuðborgarsvæðisins. Laxveiðin hefur verið aðeins undir meðaltali en vötnin hafa verið að skila vel af sér, sérstaklega silungsveiðin.“ ■

# Floginn á vit dansævintýra hjá Helga í San Francisco

Logi Guðmundsson hélt til San Francisco á sunnudag til að hefja nám í hinum virta ballettskóla borgarinnar þar sem Helgi Tómasson ræður ríkjum. Hann er aðeins 16 ára og er einn efnilegasti ballettdansari Evrópu.

benediktboas@frettabladid.is

**MENNTUN** „Pabbi kemur með mér í einhverja daga sem er fint. En svo fer hann aftur heim til Íslands sem foreldrum mínum finnst alveg smá erfitt,“ segir Logi Guðmundsson ballettdansari en hann flaug á vit ævintýranna í Bandaríkjunum á sunnudag, til að hefja nám við einn virtasta ballettskóla heims í San Francisco þar sem Helgi Tómasson ræður ríkjum.

Loga var boðið að koma á sumarnámskeið og sló í gegn og bauð skólann honum skólavist með fullum skólalystyrk, eitthvað sem er risastórt fyrir ungan íslenskan dreng. Óhætt er að segja að Logi sé einn efnilegasti ballettdansari Evrópu en hann byrjaði að æfa ballett átta ára gamall.

Hann kláraði tíunda bekkinn í vor og hafði ekki búið við að komast inn í þennan virta skóla. „Það var fullt af krökkum sem voru með mér á námskeiðinu sem voru búnir að setja allt sitt á bið því þau vonuðust eftir skólalystyrknum en fengu hann ekki.“

Mér persónulega fannst boðið vera óvænt og ég kom varla upp orði þegar ég fékk bréfið en það var ekki hægt annað en að þiggja þetta boð,“ segir Logi.

Hann segir að námið hér heima í Listdansskóla Íslands standist alþjóðlegar kröfur.

„Það er draumur að verða atvinnudansari en það er svolítið leiðinlegt að það er ekkert um það hér á Íslandi nema í nútímaskansí.“



Logi ballettdansari er floginn á vit ævintýranna í Bandaríkjunum til að hefja nám við einn virtasta ballettskóla heims. **MYND/HREFNA HALLGRÍMSDÓTTIR**



**Mér persónulega fannst boðið vera óvænt og ég kom varla upp orði þegar ég fékk bréfið en það var ekki hægt annað en að þiggja þetta boð.**

Logi Guðmundsson

Þannig að ef ég vil vinna við þetta þá þarf ég að vera úti.“ Enginn klassískur dansflokkur er starfræktur hér á landi eins og staðan er.

Hann segir að sér líði betur að vera að fara til Ameríku en Hollands. Þar þekki hann hvern krók og kima eftir að hafa verið á námskeiðinu í sumar.

Og vinkona mömmu hans býr í borginni, eitthvað sem foreldrunum líður einnig vel með. „Ég á hæk í horni þar. Ef ég verð þreyttur á heimavistinni eða langar að komast í góðan sunnudagsmat eða eitthvað álíka.“

En þetta er bara svo spennandi að ég get ekki beðið eftir að byrja,“ segir Logi. ■





NÝR TOYOTA AYO X

# GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ VILT

Aygo X þræðir götur þéttbýlisins lipurlega og tekst leikandi á við þjóðveginn, hvort sem hann er chilirauður, kardimommugrænn, berjablár eða engiferdrapplitaður. Það er að segja bíllinn, ekki þjóðvegurinn.

Njóttu ævintýrana. Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.



Toyota Aygo X  
Verð frá : 3.090.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA  
BIFREIÐATEGUNDIN  
Á ÍSLANDI  
**32**  
ÁR Í RÓÐ

TOYOTA TRYGGINGAR  
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



2018  
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



# Foreldrar krefjast úrlausna á fundi borgarstjórnar í dag

erlamaria@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Foreldrar barna í Reykjavík sem biða eftir dagvistunarúrræði ætla að fjölmenna í Ráðhúsið í dag, en fyrsti fundur borgarstjórnar eftir sumarfrí er á dagskrá klukkan tvö.

Ingi Bekk, ljóshönnuður og foreldri barns á biðlista, segir foreldra ætla að sitja á pöllum á meðan

á fundi borgarstjórnar stendur og krefjast úrlausna í dagvistunarmálum í Reykjavík.

„Það er ekki verið að sinna þessum málaflökki nægilega vel, en hann er sá mikilvægasti sem borgin þarf að sinna,“ segir Ingi. „Það er talsvert af foreldrum sem rýkur úr af reiði vegna aðgerðaleyfis borgarinnar og því er mikilvægt fyrir foreldra að vera sýnileg og hafa hátt.“



Ingi Bekk, ljóshönnuður

Aðspurður segist Ingi búast við góðri mætingu í Ráðhúsið í dag þar sem fjölmargir foreldrar sitji nú fastir heima með börn sín og bíði í ofvæni eftir leikskólaplássi.

„Ég er til dæmis búinn að vera fastur heima síðan í apríl með nítján mánaða gamalt barn. Ég missti vinnuna fyrir þremur mánuðum síðan og hef ekki verið að sækja um nein störf þar sem óvissan í þessum

málum hefur verið það mikil,“ segir Ingi.

Mótmælin í dag séu fyrsta skrefið í langri baráttu foreldra sem bíði eftir dagvistunarúrræði fyrir börnin sín.

„Ætlunin í framhaldinu er að fylla pallana á hverjum einasta borgarstjórnarfundum þangað til það er komin lausn á þessu máli,“ segir Ingi. ■



Því miður njóta ekki öll dýr ástar og umhyggju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Matvælastofnun fagnar rannsókn

benediktboas@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Matvælastofnun (MAST) fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar þar sem hún muni enn frekar styðja Matvælastofnun í að tryggja gegnsæ vinnubrögð og góða stjórnsýslu. MAST hefur legið undir töluverðu ámæli að undanfögnu og ákvað Ríkisendurskoðun að hefja frumkvæðisúttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra.

Í tilkynningu MAST segir að stofnuninni sé óheimilt að tjá sig um einstök mál, en vinni eftir útgefnu verklagi. Brugðist sé við öllum ábendingum um illa meðferð dýra, eigi þær við rök að styðjast sé metið til hvaða aðgerða rétt er að grípa. ■

## Misstu allt í bruna

jonthor@frettabladid.is

**BRUNI** Fjölskylda á Ásbrú í Reykjavík missti allar eigur sínar í eldsvoða í gær. Erna Kristín Brynjarsdóttir fór með börn sín á leikskólann og þegar hún kom heim tók lögregla og slökkvilið á móti henni. Fjöldi fólks hefur sent fjölskyldunni hlýja strauma vegna málsins.

Eldurinn kviknaði út frá hellu á eldavél. Erna þakkar fyrir að enginn hafi verið á heimilinu þegar eldurinn braust út. ■

# Segir ekki ólíklegt að glæpasamtök hýsi peningaþvætti hér á Íslandi

Glæpahópar á Íslandi nýta rafmynt í auknum mæli í peningaþvætti. Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn segir þörf á sérhæfðum starfsmönnum innan lögreglunnar til að takast á við þennan vanda.

ingunnlara@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Auknar tilfæringar ólöglegs fjármagns yfir í rafeyri eykur álag á ýmsum sviðum löggæslunnar. Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar, segir þessa þróun kalla á sérhæfðari starfsmenn innan lögregluembættanna.

Grímur flutti erindi á ráðstefnu Seðlabanka Íslands um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fór fram á Grand hóteli í gær. Á ráðstefnunni var fjallað um sjónarmið eftirlitsaðila og löggæslunnar hvað þessi mál varðar auk þess sem fjallað var um fyrirhugaðar breytingar á regluverki Evrópusambandsins. Fyrirlasarar voru erlendir og innlendir sérfræðingar á sviði varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í erindi sínu sagði Grímur að rúmlega 80 prósent glæpahópa á Íslandi ættu þátt í að flytja inn, framleiða eða selja fikniefni. Glæpahópar feli svo ágóðann af fikniefnasöluinni í löglegum rekstri.

„Reiðufé ræður enn ríkjum, sérstaklega þegar kemur að fikniefnum og vændi,“ útskýrir Grímur. Stærsti hluti peningaþvættis á Íslandi fer í gegnum í byggingar- og veitingahúsaíðnaðinn en lögreglan hefur séð mikla aukningu í peningaþvætti í gegnum rafmynt.

Hlutfall sérfræðinga hefur aukist innan lögreglunnar. Grímur segir það jákvæða þróun en að stór verkefni haldi þó áfram að hlaðast upp



Ráðstefna Seðlabanka Íslands um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fór fram í gær. Grímur Grímsson var meðal þeirra sem fluttu þar erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Reiðufé ræður enn ríkjum, sérstaklega þegar kemur að fikniefnum og vændi.



Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn

innan miðlegu rannsóknardeildarinnar þar sem starfa 10 til 20 manns.

„Ég gæti verið með 40 starfsmenn, jafnvel 60, og það væri nóg að gera fyrir alla,“ segir Grímur en fjöldi verkefna bíður. „Verkefni sem gætu orðið stór þegar upp er staðið.“

Lögreglan hefur ekki notað aðkeypta þjónustu en hefur síðustu misseri ráðið inn sérfræðinga.

„Mér finnst mikilvægt að við sækjum sérfræðipækkinguna inn til okkar í staðinn fyrir að þjálfa lögregluþjóna til að vera hitt og þetta eins og var gert í gamla daga. Það er ekki í nútímanum hjá lögregluinni frekar en hjá öðrum stofnunum.“

Fyrirtæki hafa hýst ofurtölvur á Íslandi sem grafa eftir rafeyri eins og bitcoin og segir Grímur ekki ólíklegt að erlend glæpasamtök hýsi peningaþvætti á Íslandi.

„Töluvert mörg fyrirtæki hýsa síður á Íslandi en við höfum ekki

lent í vandræðum varðandi peningaþvætti. Ég reikna með að menn fari yfir landamærin til að hýsa eitt-hvað en það getur vel verið að erlent peningaþvætti sé hýst á Íslandi.“

Víða um heim eru seðlabankar að meta hvort þeir eigi í framtíðinni að gefa út rafmynt. Seðlabanki Íslands hefur kannad möguleikann á að setja á laggirnar svokallaða rafkrónu en Unnur Gunnarsdóttir varaseðlabankastjóri segir enn langt í land.

„Það er í rauninni ekki búð að leysa þetta sem stýritæki. Sömu-leiðis þyrfti að skapa lagaumgjörð í kringum myntina,“ segir Unnur.

Grímur bendir á að rétt eins og glæpahópar hafa fundið leiðir til að þvætta peninga í núverandi umhverfi gætu þeir einnig fundið glufur með rafmynt. „Það verður að mínu mati aldrei hægt að útrýma peningaþvætti algjörlega.“ ■

**ISBAND**

**SMURÞJÓNUSTA**

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA  
FÓLKSBÍLA - HÚSBÍLA - VINNUBÍLA  
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN  
SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 590 2323  
THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

UMBOÐSAÐILI

**Jeep**



**FIAT**



CHRYSLER

DODGE





# HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAR, HURÐIR**

## KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.890** KR. m<sup>2</sup>

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m<sup>2</sup>

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ **3.890** KR. m<sup>2</sup>

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ **4.150** KR. m<sup>2</sup>

## VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.490** KR. m<sup>2</sup>

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m<sup>2</sup>

VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ **4.590** KR. m<sup>2</sup>

## VEGG- & GÓLFLÍSAR

30X60 VERÐ FRÁ **4.790** KR. m<sup>2</sup>

60X60 VERÐ FRÁ **5.590** KR. m<sup>2</sup>

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIEFNUM FYRIR PARKET OG FLÍSAR

## RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR MEÐ KARMÍ

VERÐ FRÁ **41.990** kr. FYLGIHLUTIR 25% AFSLÁTTUR

**Birgisson®**



OKKAR VÖRUR ERU UMHRERFISVOTTADAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)





Dmitrij Múratov hyggst áfrýja dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Blað Múratovs svipt útgáfuleyfi

thorgrimur@frettabladid.is

**RÚSSLAND** Rússneska fréttablaðið Novaja Gazeta var í gær svipt starfsleyfi af rússneskum dómstól og í reynd bannað að halda áfram útgáfu.

Rússneska fjölmiðlaeftirlitið Roskomnadzor sagði Novaja Gazeta hafa láðst að skila gögnum í tengslum við eigendaskipti á blaðinu árið 2006. Ritstjórinn, Dmitrij Múratov, lýsti dómnum sem „pólítisku launmordi“ og sagðist áfrýja honum.

Novaja Gazeta er gjarnan álitid síðasta dagblað Rússlands sem fjallar með gagnrýnum hætti um rússnesk stjórnvöld og sér í lagi um innrásina í Úkraínu. Múratov ritstjóri var sæmdur friðarverðlaunum Nóbels í fyrra fyrir baráttu sína í þágu frjálsra fjölmiðla í heima-landinu. ■

## Hafi hugsanlega drepið Abu Akleh

thorgrimur@frettabladid.is

**PALESTÍNA** Ísraelsher viðurkenndi í gær að „verulegur möguleiki“ væri á því að ísraelskir hermenn hefðu skotið byssukúlunni sem drap palestínsku blaðakonuna Shireen Abu Akleh í maí.

Akleh var skotin til bana á Vesturbakkanum þar sem hún flutti fréttir af átökum milli Ísraels og palestínkra vígamanna.

Í yfirlýsingu frá hernum segir að ekki sé hægt að ákvarða með öggjandi hætti hver voru upptök byssuskotsins. „Aftur á móti er verulegur möguleiki á því að fröken Abu Akleh hafi verið hæfð fyrir slysi með byssuskotum ísraelsku varnarsveitanna.“

Í tilkynningu sem embætti saksóknara hersins gaf út segir að engar grunsemdir um glæpsamlegt athæfi séu fyrir hendi. ■

# Viðbrögð við nýjum forsætisráðherra Bretlands með afar blendnu móti

Bretland er komið með fjórða forsætisráðherra sinn frá árinu 2016, Liz Truss. Viðbrögð þjóðarleiðtoga og stjórnarleiðtoga streyma inn og eru með blendnu móti. Kanslari Þýskalands var fyrstur erlendra leiðruga til að senda Truss kveðju.

thorgrimur@frettabladid.is  
benediktarnar@frettabladid.is

**BRETLAND** Liz Truss, utanríkisráðherra Bretlands, er nýr leiðtogi breska Íhaldsflokksins og tekur við af Boris Johnson sem forsætisráðherra Bretlands í dag. Hún vann sigur í lokavali meðlima Íhaldsflokksins á næsta flokksleiðtoga með 81.326 atkvæðum gegn 60.399 sem Rishi Sunak, fyrrverandi fjármálaráðherra Bretlands, hlaut.

Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, var fyrstur erlendra þjóðarleiðtoga til að senda Truss hamingjuóskir eftir að sigur hennar í leiðtoga- valinu lá fyrir. „Til hamingju með nýja hlutverkið, Liz Truss!“ skrifaði Scholz. „Ég hlakka til samstarfs okkar á þessum erfiðum tímum. Bretland og Þýskaland munu áfram vinna náið saman – sem félagar og vinir.“

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, óskaði Truss einnig til hamingju og sagði Frakka reiðubúna til að starfa með henni sem bandamenn og vinir. Þá sagði Macron að ríkin tvö yrðu að starfa náið saman í orkumálum, sér í lagi á sviði kjarnorkuiðnaðarins.

„Ég vil ekki segja að hlutirnir gætu breyst til hins verra, því það er erfitt að ímynda sér neitt verra,“ sagði Dmitrij Peskov, talsmaður rússnesku ríkisstjórnarinnar, aðspurður hvort hann byggist við því að breytingar yrðu á samskiptum Rússlands og Bretlands með valdatöku Truss. Peskov sagðist þó ekki bjartsýnn þar sem framþjóðendur til embættis forsætisráðherra Bretlands hefðu keppt um að vera sem fjandsamlegastir í garð Rússa.

Viðbrögð leiðtoga á Írlandi og Norður-Írlandi við sigri Truss voru blendin. Stjórnarkreppa hefur ríkt frá síðustu kosningum á Norður-Írlandi þar sem flokkar lýðveldissinna og sambandssinna hafa ekki komið sér saman um sameiginlega stjórn.

Michelle O'Neill, leiðtogi lýðveldisflokksins Sinn Féin á Norður-Írlandi, sagði að Truss yrði að hætta



Liz Truss er fjórði forsætisráðherra Bretlands frá árinu 2016 og tekur við keflinu af Boris Johnson á sérlega erfiðum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ég vil ekki segja að hlutirnir gætu breyst til hins verra, því það er erfitt að ímynda sér neitt verra.



Dmitrij Peskov, talsmaður ríkisstjórnar Rússlands



Hún ætti að hætta orðagjálfrinu og glannalegum hótunum sínum.



Michelle O'Neill, leiðtogi Sinn Féin á Norður-Írlandi



Emmanuel Macron, Frakklandsforseti

allri „meðvirkni“ með sniðgöngu sambandssinna á stjórnarmyndunarviðræðum. „Hún ætti að hætta orðagjálfrinu og glannalegum hótunum sínum um að brjóta alþjóðalög og ganga aftur að borðinu til að ræða við ESB um lausnir svo að viðskipti okkar geti lifað við stöðugleika.“

Keir Starmer, leiðtogi Verkamannaflokksins og bresku stjórnarandstöðunnar, óskaði Truss til hamingju en gagnrýndi flokk hennar um leið. „Eftir tólf ár af stjórn Íhaldsmanna höfum við ekki haft annað upp úr kraftsinu en lág laun, hátt verð og kreppu í framfærslukostnaði. Aðeins Verkamanna-

flokkurinn getur komið á því nýja upphafi sem landið þarfnast.“

Eiríkur Bergmann stjórn málafræðingur býst ekki við því að Truss muni njóta langra hveitibrauds- daga eftir að hún tekur við embætti. „Hennar hveitibraudsdagar verða stuttir og munu ganga út á að endurstilla flokkinn fyrir næstu kosningar,“ segir hann.

„Það er í rauninni þá fyrst sem á hana reynir því að það er líka erfitt að verða forsætisráðherra án þess að hafa verið kjörinn til embættisins,“ bætir Eiríkur við.

Þá segir hann það einnig eftirtektarvert að Truss er þriðji kvenkyns forsætisráðherra Bretlands og þriðji kvenkyns leiðtogi Íhaldsflokksins. „Á meðan Verkamannaflokkurinn hefur aldrei boðið fram konu í forystusæti,“ segir Eiríkur. ■

## Björguðu leikskólabarni frá köfnun

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Nú hefur það gerst sem við höfum öll óttast, það er að lítið barn setti trjáskurl í munninn og það fór niður í háls barnsins og sat þar fast,“ segir í bréfi Ingibjargar Einarsdóttur, aðstoðarleikskólalæstjóra Eyrarskjóls á Ísafirði.

Ingibjörg hefur barist fyrir því að losna við trjáskurl af leikskólalóðinni.

„Sem betur fer var kennari sem sá atvikið og brást við, en það gekk ekki að losa kurlið út hálsi barnsins fyrr en það ældi við átökin við að reyna að ná andanum og losa sig við það,“ segir Ingibjörg í bréfinu, sem rætt var á fundi bæjarráðs í gær.

Ingibjörg hefur ekki fengið fund með sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs. Henni var sagt að til þess þyrfti formlegt erindi að berast.

Lóðin við Eyrarskjól var endur-



Stjórnendur skólans gerðu athugasemdvíð trjáskurl á lóðinni. MYND/ADSEND

nýjuð í fyrra og er trjáskurl notað sem fallvörn. Stjórnendur skólans gerðu athugasemdir þegar kurlið kom enda er það smátt og getur staðið í börnunum en í því eru einnig oddhvassar spýtur.

„Við stjórnendur leikskólans og annað starfsfólk höfum ekki losnað við lamandi tilfinninguna:

hvað ef?“ skrifar Ingibjörg. „Hvað ef barnið hefði kafnað í höndum starfsfólksins?“

Ingibjörg bendir á að fjölskyldan sé eðlilega aum eftir uppákomuna. Ákveðið var að fela bæjarstjóra að kanna hvernig fallvörnum er háttað í öðrum skólum og möguleika á að skipta þeim út á skólalóðinni. ■

## Námskeið Skákskóla Íslands 2022 hefst 10. september nk.



Byrjendaflokkar Skákskóla Íslands fyrir krakka á aldrinum 6 – 10 ára hefst **laugardaginn 10. september nk.** kl. 11. 10 vikna námskeið – Fyrsti tími er prufutími.

Námskeið fara fram í húsnæði Skákskóla Íslands að **Faxafeni 12.** Gengið inn við hlið 66° Norður.

Allar nánari upplýsingar á vefsíðu skákhreyfingarinnar, [skak.is](http://skak.is) eða í síma 5689141.



Faxafeni 12

Fyrirspurnir og skráningar á [skaksamband@skaksamband.is](mailto:skaksamband@skaksamband.is)



# Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Sigurlaug  
(kaldi potturinn)  
135.000 kr.



Snorralaus  
299.000 kr.



Grettislaus  
259.000 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm“. Margir litir  
3.900 kr.



UNO vatnsheld spil  
3.490 kr.

Vatnsheld spil  
2.950 kr.

## NORMX

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is



# Íslenskuvaktin



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

**A**dögunum fékk samfélagsmiðlaraus undirritaðrar óvenju mikla athygli og undirtektir. Þegar ég birti mynd af strætóskýlisauglýsingu fyrir haframjól, þar sem slagorðið „It's like milk but made for humans“ blasti við, og lagði til mun betra slagorð á íslensku: „Eins og mjólk en gerð fyrir fólk,“ gerðust hlutirnir hratt. Þegar svo almannatengill og íslenskufraeðingur stukkðu á vagninn og vöktu frekar máls á fásinnunni og já, lögbrotinu, var umræðan komin á fullt.

Heildsalanum var send formleg kvörtun þar sem vísað var í 6. grein laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem segir orðrétt: „Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.“ Viðbrögðin voru fumlaus og var enskunni skipt út fyrir mun þjalli íslensku, um allan bæ.

Varan og vörumerkið fékk vissulega mikla athygli sem innflutningsfyrirtækið hefur nýtt sér. Og hver veit nema það hafi alltaf verið ætlinin. En það sem meiru skiptir er að umræðan fékk verðskuldaða athygli. Íslenskri tungu hefur aldrei staðið eins mikil ógn af ensku og nú. Samfélagsmiðlar, YouTube-notkun ungu kynslóðarinnar, erlendar streymisveitur og taumlausar tilraunir fyrirtækja til að ná til þess flóðs ferðamanna sem hingað streymir, gera það að verkum að við erum mörg hver orðin samdauna enskunni.

Ef gengið er um miðbæinn blasir enskan alls staðar við: American Bar, English Pub, Brew Dog, Duck & Rose, Lebowski bar, Noodle Station, Bastard, Punk, Monkeys, Scandinavian Bar, Public House og svo mætti lengi telja. Ætli eigendur þessara staða óttist að ferðamenn rati ekki inn um dyrnar ef íslensk heiti eru notuð, eða er einfaldlega um tiskubylgju að ræða? Ætli bankastjórnendur telji að erlendir viðskiptavinir finni ekki útibúið ef það er merkt „banki“ í stað „bank“? Ég veit það ekki og það skiptir litlu.

Ég veit þó að það eru ekki aðeins íslenskumælandi sem tapa á hnignun íslenskrar tungu. Sjarminn við að heimsækja litla þjóð á norðurhjára fölnar þegar amerísk áhrif eru alltumlykandi enda reyna heimsborgarar á faraldsfæti oftan ekki að sneiða fram hjá stöðum sem hafa verið sérsniðnir að þeim og leita frekar að gullmolum sem heimamenn sjálfir sækja.

Gjörbreyttar aðstæður íslenskrar þjóðar kalla á að við stöndum vaktina þegar kemur að tungumáli okkar – og gerum það með stolti. Með því að glutra niður okkar ástkæra ylhýra tungumáli eru það ekki bara við sem töpum – það gera það allir og það tap er óafturkræft. ■

”  
Ég veit þó að það eru ekki aðeins íslenskumælandi sem tapa á hnignun íslenskrar tungu.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is  
benediktboas@frettabladid.is

### Föruneyti hringtorgsins

Snillingarnir hjá borgarskipulaginu hafa nú komið fyrir hringtorgi á Bústaðavegi austanverðum. Virðist það sérhannað til að vera alveg glænýr flöskuháls á vegi Reykvíkinga og gesta þeirra. Akreinar neðan hins nýja torgs hafa verið þrengdar og þær stytta svo nú komast þar færri að en vilja. Þetta mun að sjálf-sögðu leida til þess að verulega hægist á öllum sem þarna fara um og geta borgarþáar nú notið þess að vera enn lengur en áður í bílum sínum úti í umferðinni. Viðbúið er að röðin muni á þokkalegum degi ná upp að Sogavegi hið minnsta og mynda glæsilega teppu þar.

### Engin leið að hætta

Hringtorgið góða er náttúrlega bara enn ein rósín í hnappagat borgarskipulagsins. Hvernig torgið endaði sem framkvæmd er erfitt að lesa í. Trúlega væri bara best ef það kæmi enn ein þrengingin og hugsanlega íbúa-bygging ofan á miðjan Bústaðveginn – jafnvel enn fleiri hringtorg, kannski við Grímsbæ að gamni því þá væri hægt að losna við bílastæðin þar. Getur það verið að fólkíð sem er nú að endurhanna gatnakerfið í Reykjavík búi ekki í borginni eða fari að minnsta kosti ekki um Bústaðaveg í bíl? ■

## Íslensk orka beislar verðbólgu



Lilja Dögg  
Alfreðsdóttir  
viðskiptaráðherra  
og varaformaður  
Framsóknar

Flest hagkerfi heims eru að kljást við of háa verðbólgu um þessar mundir. Meginorsakir hennar má rekja til nauðsynlegra efnahagsaðgerða vegna Covid-19, innrásar Rússlands í Úkraínu og að einhverju leyti hinnar alþjóðlegu peningastefnu frá 2008. Orkuverð í Evrópu er í hæstu hæðum og hafa ýmis ríki í álfunni gripíð til neyðaraðgerða til að létta undir með orkukerfum. Spár héraðs gera áfram ráð fyrir hárrí verðbólgu, þrátt fyrir að hún hafi minnkað órlítið í síðasta mánuði er hún mældist 9,7%. Mikil hækkun á húsnæðisverði hefur drifið verðbólguna áfram ásamt einkaneyslu. Langtímaafleiðingar hárrar verðbólgu eru afar slæmar fyrir samfélög og það er gamall sannleikur að verðbólga hittir einkum fyrir þá sem minnst hafa. Ljóst er að hópurinn sem fer verst út úr þessum verðbólguhremmingum eru heimilin sem nýverið hafa komið inn á húsnæðismarkaðinn og sjá lánin hækka. Afar brýnt er að lánveitendur og stjórnvöld sinni þessum hóp.

Staða heimsmála er jafnframt viðkvæm vegna hárrar alþjóðlegrar verðbólgu. Hækkandi verð á hveiti og öðru korni átti sinn þátt í falli kommúnismans í Sovétríkjunum 1989. Hagfræðingurinn Marc Bellemare við Minnesota-háskóla sýndi fram á sterk tengsl á milli matvælavæðs og ófriðar í mörgum löndum á árunum 1990 til 2011. Verðbólga olli t.a.m. stjórnskiptum í Brasilíu, Tyrklandi og Rússlandi í lok 10. áratugarins.

Staða Íslands er að mörgu leyti góð til að fást við verðbólguógnina, þar sem auðlindir okkar eru miklar. Orka í þágu heimilanna er ódýr en hún lýtur ekki sömu reglum verðlagningar og á meginlandi Evrópu, fiskimiði okkar eru gjöful og óendanlegir möguleikar eru í landbúnaði ásamt sterkri ferðaþjónustu og vaxandi hugvitsdrifnu hagkerfi. Íslenska hagkerfið hefur alla möguleika á að ná verðbólgunni niður. Það er kappsmál enda ógnar hækkandi verðbólga velsæld með beinum og óbeinum hætti og dregur úr samfélagslegri samstöðu. Því er afar mikilvægt að greina hvernig áhrif verðbólgunnar koma við mismunandi hópa samfélagsins og grípa til viðeigandi aðgerða. ■

”  
Íslenska hagkerfið hefur alla möguleika á að ná verðbólgunni niður.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NÝFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# Tölum um unað



**Yvonne Kristín Fulbright**  
PhD, MEd, formaður Samtaka um kynheilbrigði

Ímyndaðu þér heilan dag sem er helgaður kynlífunaði og mikilvægi hans fyrir kynheilsu okkar og almenna hreysti. Alþjóðasamtök um kynheilsu (The World Association for Sexual Health (WAS)) ákváðu að gera nákvæmlega það og þema Alþjóðlega kynheilsudagsins (World Sexual Health Day) í ár er „Tölum um unað“. Á sunnudaginn, þ.e. 4. september, var kastljósinu beint að líkamlegu sjálfræði, samþykki, öryggi, persónuvernd, sjálföruggi og virkum samskiptum sem undirstöðubáttum unaðar og góðrar heilsu.

Fyrirtæki og stofnanir, háskólastofnanir, stjórnvöld, heilbrigðisstarfsfólk, talsmenn, fjölmiðlar og aðrir sem hafa áhrif á orðræðu og umfjöllun hafa verið beðnir að leggja okkur lið við að tala um mikilvægi kynferðislegs unaðar, hver með sínum hætti. Þetta gerum við í fjölmörgum hópum í minnst 35 löndum og með ýmsum aðferðum, svo sem hringborðsumræðum, ráðstefnum, listsýningum, leiksýningum, herferðum á samfélagsmiðlum, fræðsluverkefnum, pólitískum aðgerðum og á ýmsan annan hátt.

Íslensku samtökin um kynheilbrigði (KynHeil), áður Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB), hafa lagt áherslu á að ræða um kynferðislegan unað sem einn lykilþáttanna í fræðslu um kynheilsu og stefnu um kynheilsu og frjósemisheilbrigði, sem og hvatt til víðtækra fræðslu um kynlíf og kynheilsu. KynHeil veit að ungt fólk hefur ríka þörf fyrir að ræða tilfinningar, kenndir, rómantik, langanir, kyntjáningu, gagnkvæmar tilfinningar, kynferðislegt sjálfstraust og nánd. Unglingar eru forvitnir um kynóra, kynferðisleg samskipti og fullnægingu. Unglingar þurfa öruggt, hvetjandi umhverfi þar sem þau geta átt upplýst samtal um öll þessi viðfangsefni, og ekki síst til að hugleiða spurningu sem er sjaldan eða aldrei lögð fyrir þau: Hvernig skilgreinir þú „kynferðislegan unað“?

„Tölum um unað“ er vettvangur þar sem Alþjóðasamtök um kynheilsu (WAS) ræða um kynferðislegan unað sem kynferðisleg rétt-

indi, með áherslu á fjölbreytni, jafnrétti, sjálfræði, umráð yfir eigin líkama og tjáningarfrelsi sem aðferðir til að efla og stuðla að góðri heilsu. Alþjóðasamtök um kynheilsu (WAS) leggja áherslu á að unaður á að vera jákvæð upplifun sem er laus við smánun, skömm, sektarkennd eða misbeitingu og þvingun. Með því að setja unaðinn í forgang myndast dýpri tengsl sem auðvelda elskendum að þroska núvitund og nærveru.

Með opinskáum samtali um unað læra ungmenni að kynferðisleg nánd snýst ekki bara um samfarir. Kynlíf sem setur unað í forgang snýst um könnun og upplifun, fremur en árangurs- og frammi-stöðumiðað kynlíf. Áherslan er ekki á mælanlegan árangur. Það er hægt að upplifa og næra unað hvort sem fullnæging næst eða ekki.

Því fylgir margs konar ávinningur, þar á meðal aukin nærvera/núvitund, sterkari tengsl við líkamann, bætt samskipti, aukin gagnkvæm ánægja, minni áhersla á fullnægingu/sáðlát hjá karlmanninum, aukið frelsi kvenna til að sækjast eftir unaði, aukin fjölbreytni og meiri forleikur, aukin áhersla á snertingu og munúð, sterkari tenging, aukin meðvitund um hvað okkur finnst gott eða ekki gott og aukið aðgengi allra að unaði og kynferðislegri upplifun, óháð kynhneigð, kyni eða líkamlegri færni.

Með því að stuðla að og styðja við samtal um kynferðislegan unað gerum við unga fólk okkar betur upplýst um kynlíf og kynheilsu og meðvitaðra um mikilvægi gagnkvæms samþykkis og gagnkvæmar fullnægju jafnt í kynlífi sem í samböndum, betur í stakk búið til að lifa gefandi og góðu kynlífi án aðkomu vímuegja og að eigin vild og sátt við sjálf sig sem kynverur, í mörgum og mismunandi birtingarmyndum kynverundarinnar. Þetta unga fólk tilheyrir nýrri kynslóð sem getur tjáð kynverund sína án ofbeldis og mismununar, laus við menningartengda skömm eða smánun. Á sunnudaginn kynntum við til sögunnar kynslóð sem veit að aukinn unaður bætir heilsuna. ■

”  
Unglingar eru forvitnir um kynóra, kynferðisleg samskipti og fullnægingu.

Danskir DAGAR



20%  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
DÖNSKUM VÖRUM\*



**SALTO**

Hornsófi, hægri eða vinstri. Kentucky bonded leðuráklæði, stone eða koniak. 275 x 216 x 85 cm.

Nú 295.992 kr. 369.990 kr.



**MATIS**

U-sófi. Hægri eða vinstri. Abba ljósgrátt áklæði.

317 x 186 x 78 cm. 223.992 kr. 279.990 kr.

**HIGH END**

2ja sæta sófi. Maisgulur.

230 x 64 x 80 cm.

Nú 303.992 kr. 379.990 kr.



**GRAN**

Hægindastóll. Ýmsir litir.

79.992 kr. 99.990 kr.



**BLIZZARD**

Hægindastóll + skemill.

79.992 kr. 99.990 kr.

20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ



\*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

# Minnismerki, listaverk rís um „Einvígi aldarinnar“



**Guðni Ágústsson**  
fv. ráðherra og formaður Framsóknarflokksins

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, hefur náð samstöðu í ríkisstjórn og með borgarstjórn Reykjavíkur um að fara í samkeppni um minnismerki eða útilistaverk um Einvígi aldarinnar.

Þetta tilkynnti ráðherra á fjölmennri samkomu síðastliðinn laugardag á Hótel Natura. Skákeinvígið 1972 er stærsti skákaburður heimssögunnar og tvímælalaust annar athyglisverðasti atburður samtímans sem hefur farið fram hér á landi. Hinn er leiðtogafundurinn í Höfða 1986 þar sem leiðtogar sömu stórvelda, þeir Mikail Gorbachev og Ronald Reagan, tefldu aðra skák og léku djarfa leiki um sátt og afvopnun. Almælt er að Höfðafundinum hafi verið valinn staður á Íslandi vegna þess hversu vel tókst til með einvígið.

Skákeinvígið um heimsmeist-

aratignina 1972 milli þeirra Boris Spasskys heimsmeistara og áskorandans Bobby Fischers var magnaður atburður. Augu allra þjóða og fréttamiðla mændu á Reykjavík og Ísland varð nafli alheimsins í fréttum um allan heim. Lilja sagði að samstaða væri í ríkisstjórn um þessa ákvörðun. Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs og verðandi borgarstjóri Reykjavíkur, skýrði frá samstöðu um málið í borgarstjórn.

**Fischer endaði sem Íslendingur og frægð hans lifir**

